

## RAUÐHETTA LEIKLISTARVERKEFNI

Mamma: Rauðhetta mín. Viltu fara til ömmu þinnar?

Rauðhetta: Já, mamma mín.

Mamma: Amma er veik. Viltu gefa ömmu blóm, köku og vínflösku?

Rauðhetta: Já, mamma mín. Bless!

Mamma: Bless, Rauðhetta mín!

Úlfur: Góðan daginn. Hvert ert þú að fara svona snemma dags?

Rauðhetta: Til ömmu minnar.

Úlfur: Hvað ertu með í körfunni?

Rauðhetta: Vín, köku og blóm handa ömmu.

Úlfur: Rauðhetta litla. Viltu ekki fara og tína blóm handa ömmu þinni?

Rauðhetta: Já, það geri ég! Góð hugmynd!

--- úlfur borðar ömmu og leggst í rúm ömmu ---

Rauðhetta: Góðan daginn, amma mín.

Úlfur: Góðan daginn, Rauðhetta mín.

Rauðhetta: Amma! Af hverju ert þú með svona stór augu?

Úlfur: Af því að þá get ég séð þig betur.

Rauðhetta: Amma mín! Af hverju ert þú með svona stór eyru?

Úlfur: Af því að þá get ég heyrð betur í þér.

Rauðhetta: Amma! Af hverju ert þú með svona stórar tennur?

Úlfur: Af því að þá get ég borðað þig!!

--- úlfur borðar Rauðhettu og fer að sofa í rúmi ömmu ---

Veiðimaður: Aa..... ég heyri ömmu hrjóta!! Er amma mikið veik?!  
Ég fer inn til ömmu. Þetta er ekki amma! Þetta er úlfurinn! En hvar er þá amma gamla?! Aa... í maga úlfsins!!

--- úlfur opnar maga úlfsins. Amma og Rauðhetta koma út. ---

Veiðimaður: Ég set steina í maga úlfsins.

--- veiðimaður, amma og Rauðhetta fara heim til mömmu Rauðhettu ---

Úlfur: Æææ... maginn minn!!! Ég finn svo til í maganum!! Eru Rauðhetta og amma feitar?! Ég er svo þyrstur. Ég vil drekka. Ég fer út að vatninu. Ææææ...!!!!

--- úlfur dettur í vatnið og deyr!! ---